



Reykjavík, 19. mars 2025

MSS23010279

ívs

Mannréttindaráð

Hér með sendist útskrift úr fundargerð borgarstjórnar frá 18.3.2025 varðandi eftirfarandi mál:

Samþykkt mannréttindaráðs

2. liður fundargerðar forsætisnefndar, ný samþykkt fyrir mannréttindaráð, er samþykkt með tólf atkvæðum Samfylkingarinnar, Pírata, Sósíalístaflokks Íslands, Flokks fólksins og Vinstri grænna gegn sex atkvæðum borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins.

Borgarfulltrúar Framsóknarflokksins og Viðreisnar sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Borgarfulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata, Sósíalístaflokks Íslands, Flokks fólksins og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun undir 2. lið fundargerðar forsætisnefndar:

Haldinn var góður kynningarfundur með fulltrúum aðgengisnefndar, fjölmeningaráðs, ofbeldisvarnarnefndar og eldri borgara og þeir upplýstir um fyrirhugaðar breytingar á mannréttindaráði Reykjavíkur. Þarna komu fram mikilvægar ábendingar sem unnið verður með í starfi sem nú hefst af fullum krafti. Eins liggur fyrir minnisblað frá borgarlögmanni um nýtt mannréttindaráð og heimild Reykjavíkurborgar til að haga sínum lögbundnu samráðsmálum með þeim hætti sem hún kys og hefur nú gert. Nýtt mannréttindaráð verður öflugt og sterkt og það er fagnaðarefni að Reykjavíkurborg eigi góðan og stóran samráðsvettvang um réttindi og aðgengi fólks í Reykjavík.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins leggja fram svohljóðandi gagnbókun:

Harna verður að ráðist hafi verið breytingar á ráðinu án samráðs við fulltrúa fjölmeningarráðs. Sameining fjölmeningarráðs Reykjavíkur við mannréttindaráð Reykjavíkur dregur úr ákvörðunarvaldi innflytjenda þar sem fulltrúum frá samtökum innflytjenda verður fækkað en á sama tíma á að bæta við fulltrúum stjórnámálaflokka. Það mun þýða að fulltrúar innflytjenda verða með minnihlutarödd í ráði sem ætlað er þeim. Í núgildandi fyrirkomulagi fjölmeningarráðs eru fulltrúar hagsmunasamtakanna með meirihluta atkvæða á móti fulltrúum stjórnámálaflokka. Rödd innflytjenda verður þá minni en einnig er lagt upp með að fækka fundum sem fjalla um málefni innflytjenda. Það verður að teljast afturför á sama tíma og við vinnum hörðum höndum að því að auka þátttöku nýrra Íslendinga í íslensku samfélagi og viljum auka samráð við innflytjendur. Framsókn og Sjálfstæðisflokkur



Reykjavík



vilja ennfremur benda á og taka undir harða gagnrýni Félags kvenna af erlendum
uppruna á þessa ákvörðun meirihlutans.

Helga Björk Laxdal
e.u.

Hjálagt:

Bréf forseta borgarstjórnar



Forsætisnefnd

Reykjavík, 12. mars 2025

MSS23010279

Tillaga að nýrri samþykkt mannréttindaráðs

Á fundi borgarstjórnar 21. febrúar sl. var svohljóðandi tillaga samþykkt:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að sameina málaflokka sem nú heyra undir fjölmeningarráð, öldungaráð og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks í nýju mannréttindaráði sem tekur við hlutverki mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs. Forsætisnefnd er falið að vinna nýja samþykkt fyrir ráðið í samráði við mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu sem skal lögð fram til samþykktar á fyrsta fundi borgarstjórnar í mars og kemur í stað gildandi samþykktar.

Nú liggur fyrir tillaga að nýrri samþykkt mannréttindaráðs sem mun fara með hlutverk mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs en við bætast hlutverk og verkefni sem áður voru hjá aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks, öldungaráði og fjölmeningarráði.

Í nýrri samþykkt er ekki gert ráð fyrir neinum breytingum hjá þeim fulltrúum hagsmunasamtaka sem starfað hafa á vettvangi ráðanna. Gert er ráð fyrir að sitjandi fulltrúar haldi sæti sínu og þeim kjörum vegna starfa sinna hjá Reykjavíkurborg í þágu málaflokkana með einni undantekningu en lagt er til að fella niður ákvæði sem gerði ráð fyrir fulltrúa Sameykis í fjölmeningarráði. Breytingin er lögð til þar sem ekki er talin þörf á föstum fulltrúa eins stéttarfélags á vettvangi mannréttindaráðs en ráðið mun gæta þess að ávarpa málefni starfsmanna Reykjavíkurborgar sem eru af erlendum uppruna í samtali við verkalýðshreyfinguna í heild sinni. Einnig verður forsætisnefnd, sem fer með atvinnumál, samkvæmt gildandi samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, í reglubundnu samtali við verkalýðshreyfinguna.

Í nýrri samþykkt er ekki gert ráð fyrir breytingum á verksviði ofangreindra notendaráða en gert er ráð fyrir að lágmarki þremur fundum í mánuði svo unnt verði að sinna öllum málaflokkum á viðunandi hátt, en talið er að nýtt fyrirkomulag geti haft í för með sér skilvirkt vinnulag og samlegðaráhrif. Þann 11. mars sl. var haldinn kynningarfundur mannréttindaráðs með sitjandi fulltrúum hagsmunasamtaka í öldungaráði, samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks og fjölmeningarráðs þar sem farið var yfir þær breytingar sem samþykkt borgarstjórnar hefur í för með sér.

Virðingarfyllst,
Sanna Magdalena Mörtudóttir
Forseti borgarstjórnar

Hjálagt: Tillaga að nýrri samþykkt mannréttindaráðs

Samþykkt fyrir mannréttindaráð

Samráðsnefnd Reykjavíkur í jafnréttismálum, ofbeldisvörnum og í málefnum aldraðs fólks (öldungaráð), fatlaðs fólks (samráðshópur um málefni fatlaðs fólks), innflytjenda og fólks með erlendan bakgrunn.

Umboð

1. gr.

Mannréttindaráð starfar í umboði borgarráðs með þeim hætti sem nánar er kveðið á um í samþykkt þessari, samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 1020/2019 með síðari breytingum og eftir því sem lög mæla fyrir um, sbr. einnig heimild í 1. mgr. 37. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Mannréttindaráð fer með hlutverk öldungaráðs í Reykjavík samkvæmt 2. mgr. 38. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, 6. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999 og eftir því sem lög mæla fyrir um.

Mannréttindaráð fer einnig með hlutverk samráðshóps um málefni fatlaðs fólks samkvæmt 2. mgr. 42. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga og eftir því sem mælt er fyrir um í lögum nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir og 8. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

Verksvið

2. gr.

Mannréttindaráð skal móta stefnu í mannréttinda- og ofbeldisvarnarmálum, taka ákvarðanir og gera tillögur til borgarráðs hvað varðar verksvið þess. Mannréttindaráð skal vera borgarstjórn og nefndum og ráðum Reykjavíkurborgar til ráðgjafar um málefni og hagsmuni fatlaðs fólks í aðgengismálum í víðum skilningi, við mótun allrar þjónustu borgarinnar sem snýr að fötluðu fólki og eftir atvikum öðrum hagsmunamálum fatlaðs fólks. Ráðið kemur að mótun stefnu í aðgengismálum og málaflokkum er tengjast þjónustu við fatlað fólk, tekur ákvarðanir og gerir tillögur til fagraða Reykjavíkurborgar sem varða verksvið hennar. Ráðið skal hafa frumkvæði að verkefnum sem stuðla að bættari þjónustu við fatlað fólk og bættu aðgengi fatlaðs fólks í samræmi við stefnu í aðgengismálum og fjárheimildir ráðsins hverju sinni.

Mannréttindaráð skal sem öldungaráð Reykjavíkur vera borgarstjórn, nefndum og ráðum Reykjavíkurborgar til ráðgjafar um málefni og hagsmuni borgarbúa sem eru 67 ára og eldri.

Mannréttindaráð skal vera borgarstjórn, nefndum og ráðum Reykjavíkurborgar til ráðgjafar um aðgerðir og viðbrögð við ofbeldi í samfélaginu.

Mannréttindaráð skal vera borgarstjórn, nefndum og ráðum Reykjavíkurborgar til ráðgjafar um málefni og hagsmuni borgarbúa sem snúa að innflytjendum og fólki með erlendan bakgrunn. Ráðið skal leitast við að tengja saman fjölmenningsleg samfélög á Íslandi, stuðla að samtali á milli innfæddra og innflytjenda og koma hagsmunum innflytjenda á framfæri.

Ráðið skal stuðla að hvers konar upplýsingagjöf og samstarfi Reykjavíkurborgar við hagsmunasamtök, móta stefnu og gera tillögur til borgarráðs sem varða verksvið þess. Þá fer ráðið með önnur þau verkefni sem borgarráð ákveður.

Mannréttindaskrifstofa annast framkvæmd stefnu og verkefna ráðsins og samskipti við aðrar stofnanir borgarinnar. Ráðið starfar þvert á stjórnkerfi Reykjavíkurborgar að þeim verkefnum sem ekki heyra undir mannréttindaskrifstofu. Jafnframt hefur ráðið eftirlit með rekstri mannréttindaskrifstofu og að samþykktum og stefnumörkun Reykjavíkurborgar á verksviði ráðsins sé fylgt.

3. gr.

Mannréttindaráð fer með verkefni jafnréttisnefndar skv. lögum nr. 150/2020 og önnur verkefni á sviði mannréttindamála í samræmi við mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og stuðlar þannig að mannréttindum borgarbúa.

Mannréttindaráð fer með verkefni samkvæmt 2. mgr. 38. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga þar sem fjallað er um þjónustu við aldraða og framkvæmd og þróun öldrunarmála sbr. 1. mgr. 6. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999.

Mannréttindaráð fer með verkefni samráðshóps um málefni fatlaðs fólks samkvæmt 2. mgr. 42. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Mannréttindaráð er vettvangur samráðs Reykjavíkurborgar og sérfræðinga á sviði ofbeldisvarna og er virkur þátttakandi í allri stefnumörkun málaflokksins. Ráðið er ráðgefandi fyrir starfsemi Reykjavíkurborgar í málaflokknum og stuðlar með viðfangsefnum sínum, ráðgjöf og tillögum að upplýstri umræðu um ofbeldi á öllum sviðum borgarinnar og öruggara borgarsamfélagi.

Til að vinna að markmiðum skv. 2. gr. hefur ráðið m.a. með höndum eftirtalin verkefni á sínu sviði:

1. Er borgarstjórn, nefndum og ráðum Reykjavíkurborgar til ráðgjafar á sviði mannréttinda, þ.m.t. jafnréttis- og jafnlaunamála, kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunargerðar, ber ábyrgð á kynningu mannréttindastefnunnar og annarri tengdri stefnumörkun auk þess sem ráðið stuðlar að þekkingaröflun og miðlun upplýsinga. Ráðið gerir tillögur til borgarráðs um endurskoðun mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar ef tilefni er til og ber ábyrgð á að henni sé framfylgt.

2. Er borgarstjórn, nefndum og ráðum Reykjavíkurborgar til ráðgjafar á sviði ofbeldisvarna og er virkur þátttakandi í allri stefnumörkun málaflokksins.

3. Er borgarstjórn, nefndum og ráðum Reykjavíkurborgar til ráðgjafar um málefni og hagsmuni borgarbúa sem eru 67 ára og eldri. Ráðið skal stuðla að hvers konar upplýsingagjöf og samstarfi Reykjavíkurborgar við hagsmunasamtök hópsins, móta stefnu og gera tillögur til borgarráðs sem varða verksvið þess.

4. Ráðið er vettvangur samráðs borgarbúa sem eru 67 ára og eldri, félagasamtaka þeirra, atvinnulífs í víðum skilningi og borgaryfirvalda og er virkur þátttakandi í allri stefnumörkun málaflokksins. Ráðið er ráðgefandi fyrir starfsemi Reykjavíkurborgar í málaflokknum og stuðlar, í samstarfi við miðstöðvar Reykjavíkurborgar, að eflingu félagsauðs og kynningu á þjónustu borgarstofnana til borgarbúa sem eru 67 ára og eldri.

5. Er borgarstjórn, nefndum og ráðum Reykjavíkurborgar til ráðgjafar um málefni og hagsmuni borgarbúa sem snúa að innflytjendum og fólki með erlendan bakgrunn. Ráðið skal stuðla að hvers konar upplýsingagjöf og samstarfi Reykjavíkurborgar við grasrótarsamtök innflytjenda, móta stefnu og gera tillögur til borgarráðs sem varða málaflokkinn. Ráðið skal leitast við að tengja saman fjölmennningarleg samfélög á Íslandi, stuðla að samtali á milli innfæddra og innflytjenda og koma hagsmunum innflytjenda á framfæri.

6. Er í fyrirsvari af borgarinnar hálfu á sviði mannréttindamála. Er öðrum borgaryfirvöldum til samráðs og ráðgjafar um verkefni á sviði mannréttindamála. Veitir umsagnir um tillögur að verkefnum á vegum borgarinnar sem varða mannréttindi borgarbúa. Á samvinnu við ríki, önnur sveitarfélög og félagasamtök um mannréttindamál og veitir árlega mannréttindaverðlaun Reykjavíkurborgar.

7. Að afloknum sveitarstjórnarkosningum skal mannréttindaráð vinna áætlun Reykjavíkurborgar um mannréttindamál fyrir nýtt kjörtímabil. Skal sú áætlun taka mið af lögum nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, lögum nr. 85/2018 um jafna meðferð einstaklinga óháð kynþætti og þjóðernisuppruna á öllum sviðum samfélagsins, utan vinnumarkaðar, lögum nr. 86/2018 um jafna meðferð einstaklinga á vinnumarkaði óháð kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, skertri starfsgetu, aldri, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum eða kyntjáningu. Áætlunin skal lögð fram til afgreiðslu á vettvangi borgarstjórnar eigi síðar en ári eftir sveitarstjórnarkosningar og endurskoðuð eftir þörfum.

Til að vinna að því að bæta þjónustu við fatlað fólk í Reykjavík og að bæta aðgengi þeirra að allri þjónustu Reykjavíkurborgar sem og að borgarlandinu fer mannréttindaráð m.a. með eftirtalin verkefni:

1. Að allar byggingar í eigu Reykjavíkurborgar og annað húsnæði þar sem almenningur þarf að sækja þjónustu á vegum borgarinnar, svo og götur, gangstéttir og önnur opinber svæði í borgarlandinu, verði aðgengileg fötluðu fólki með mismunandi aðgengisþarfir. Mannréttindaráð veitir árlega aðgengisviðurkenningu Reykjavíkurborgar.

2. Að hafa áhrif á skipulag og framkvæmd allrar þjónustu við fatlað fólk í Reykjavík með það að markmiði að bæta aðgengi þess í víðum skilningi að m.a. þjónustu, upplýsingum, húsnæði, borgarlandi og samfélagsþátttöku. Ráðið skal vera ráðgefandi fyrir þjónustuveitendur á öllum sviðum Reykjavíkurborgar, hafa aðkomu að stefnumótun er varðar þjónustu við fatlað fólk í Reykjavík og halda utan um og vera

vettvangur samráðs vegna þjónustu við fatlað fólk í borginni. Skal aðkoman og umfjöllunin eiga sér stað í ráðinu á öllum stigum vinnu fagsviðanna að málum er varða fatlað fólk, við upphaf, vinnslu og lok vinnunnar.
Ágreiningi um hvort tiltekið erindi heyri undir ráðið ber að vísa til borgarráðs.

4. gr.

Mannréttindaráð skal ávallt í störfum sínum fylgja öllum stefnumarkandi og almennum samþykktum borgarstjórnar og borgarráðs.

Skipan

5. gr.

Mannréttindaráð er skipað sjö fulltrúum og jafnmörgum til vara sem kjörnir eru af borgarstjórn. Borgarstjórn kýs formann ráðsins en mannréttindaráð kýs sér varaformann og skiptir að öðru leyti með sér verkum. Kjörtímabil ráðsins er hið sama og borgarstjórnar.

Þegar ráðið fjallar um málefni sem varðar ofbeldisvarnir eiga eftirtaldir aðilar jafnframt sæti í ráðinu sem áheyrnarfulltrúar: Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu tilnefnir einn fulltrúa og einn til vara, Stígamót tilnefna einn fulltrúa og einn til vara, Samtök um kvennaathvarf tilnefna einn fulltrúa og einn til vara og Embætti landlæknis tilnefnir einn fulltrúa og einn til vara.

Þegar ráðið fjallar um málefni fatlaðs fólks eiga eftirtaldir fulltrúar jafnframt sæti í ráðinu: ÖBÍ réttindasamtök tilnefna þrjá fulltrúa og þrjá til vara, þar af að lágmarki einn aðila úr hópi fólks með geðfötlun. Þroskahjálp tilnefnir tvo fulltrúa og tvo til vara. NPA miðstöðin tilnefnir einn fulltrúa og einn til vara. Skal að lágmarki einn úr hópi fatlaðs fólks sem notar hjólastól að staðaldri sitja í ráðinu og ber Reykjavíkurborg að tryggja þetta. Allir fulltrúar hagsmunasamtaka skulu vera notendur þjónustu við fatlað fólk í Reykjavík.

Þegar ráðið fjallar um málefni aldraðra og fer með hlutverk öldungaráðs eiga eftirtaldir fulltrúar jafnframt sæti í ráðinu: Félag eldri borgara í Reykjavík og nágrenni tilnefnir einn fulltrúa og einn til vara, Samtök aldraðra tilnefna einn fulltrúa og einn til vara, U3A Reykjavík tilnefnir einn fulltrúa og einn til vara og Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins tilnefnir einn fulltrúa og einn til vara.

Þegar ráðið fjallar um málefni innflytjenda og fólks með erlendan bakgrunn eiga eftirtaldir fulltrúar jafnframt sæti í ráðinu sem áheyrnarfulltrúar: Samtök kvenna af erlendum uppruna, W.O.M.E.N., tilnefna einn fulltrúa og einn til vara. Móðurmál, samtök um tvítýngi, tilnefna einn fulltrúa og einn til vara.

Allir tilnefningaraðilar skulu fara að ákvæðum 2. mgr. 28. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020.

Mannréttindaráð getur tekið ákvörðun um aðra áheyrnarfulltrúa hagsmunasamtaka með málfrelsi og tillögurétt. Mannréttindaráð getur einnig í sérstökum tilfellum skipað undirnefndir, stýri- eða starfshópa til að fjalla um afmarkaða málaflokka eða verkefni í samræmi við reglur Reykjavíkurborgar um starfs- og stýrihópa. Slíkum nefndum og hópum skal setja erindisbréf þar sem skilgreind eru helstu verkefni og starfinu sett tímamörk. Tilkynna skal um skipan allra undirnefnda, stýri- og starfshópa til borgarráðs.

Verkstjórn og verkaskipting

6. gr.

Formaður mannréttindaráðs er í forsvari fyrir ráðið um stefnumótun og ákvarðanir þess eftir því sem við á og hefur, ásamt öðrum fulltrúum í ráðinu, eftirlit með framkvæmd mótaðrar stefnu í málaflokknum. Mannréttindaráð er vistað hjá mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar. Mannréttindastjóri Reykjavíkurborgar ber ábyrgð á framkvæmd ákvarðana ráðsins.

Boðun funda og fundarsköp

7. gr.

Mannréttindaráð heldur að jafnaði þrjá fundi í mánuði. Fjórði hver fundur skal að jafnaði tileinkaður ofbeldisvarnarmálefnum, fjórði hver fundur skal að jafnaði tileinkaður málefnum aldraðra og fjórði hver fundur skal að jafnaði tileinkaður málefnum fatlaðs fólks. Á þá fundi skal boða fulltrúa viðeigandi hagsmunasamtaka samkvæmt 5. gr. samþykktar þessar. Formaður ráðsins getur boðað til aukafunda eftir þörfum. Komi fram ósk þriggja fulltrúa um fund í ráðinu ber að verða við því eins skjótt og unnt er. Fella má niður fundi í alls tvo mánuði að sumarlagi.

Formaður mannréttindaráðs boðar til funda, ákveður dagskrá í samráði við mannréttindastjóra Reykjavíkurborgar og stýrir fundum ráðsins. Á dagskrá skulu m.a. tekin mál sem fulltrúar í ráðinu hafa óskað eftir að tekin verði fyrir, enda séu þau á verksviði ráðsins. Fundir skulu boðaðir með a.m.k. tveggja sólarhringa fyrirvara, dagskrá skal fylgja fundarboði auk þess sem birta skal hana á opnum vef Reykjavíkurborgar ásamt fundargögnum. Rafræn boðun fundar og útsending fundargagna telst fullgild boðun. Aukafundi skal boða með a.m.k. sólarhrings fyrirvara ef því verður við komið.

Heimilt er að taka mál til meðferðar í ráðinu þótt ekki sé það tilgreint á útsendri dagskrá en skylt er þá að fresta afgreiðslu þess til næsta fundar sé þess óskað. Um fundarsköp fer eftir samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 1020/2019, eftir því sem við á.

Mannréttindastjóri skal sitja fundi ráðsins með málfrelsi og tillögurétt. Þá getur ráðið boðað til fundar einstaka starfsmenn Reykjavíkurborgar, sem og aðra þá sem hún telur þörf á hverju sinni.

Fulltrúi umhverfis- og skipulagssviðs ber ábyrgð á að tekin verði til umfjöllunar á vettvangi ráðsins þegar það fjallar um málefni fatlaðs fólks öll mál er snúa að aðgengishönnun og framfylgd samþykkt ráðsins sem snúa að framkvæmdum í aðgengismálum. Fulltrúi velferðarsviðs ber ábyrgð á að tekin verði til umfjöllunar á vettvangi ráðsins öll mál sem varða breytingar á þjónustu við fatlað fólk, stefnumótun og framfylgd stefnu málaflokksins í Reykjavík. Sviðsstjórar annarra fagsviða bera ábyrgð á að öll mál er varða þjónustu við fatlað fólk í m.a. skóla-, menningar-, íþrótt- og frístundastarfi verði tekin til umfjöllunar á vettvangi ráðsins.

Fundaskipulag og ritun fundargerða

8. gr.

Ráðsfundur skal að jafnaði haldinn fyrir luktum dyrum og er þá óheimilt að greina opinberlega frá ummælum sem fram koma hjá einstaka fundarmönnum. Ráðið skal halda gerðabók og senda eftirrit fundargerða til borgarráðs jafnóðum. Um ritun fundargerða fer eftir leiðbeiningum innanríkisráðuneytisins um ritun fundargerða sveitarstjórna, sbr. 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, sbr. 15. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 1020/2019 og verklagsreglum skrifstofu borgarstjórnar um fundargerðir nefnda og ráða Reykjavíkurborgar.

Mannréttindaskrifstofa sér um skrifstofuhald fyrir ráðið og leggur því til fundarritara. Í upphafi árs skal kynna fundadagatal ráðsins. Þar komi m.a. fram tímasetning til undirbúnings starfs- og fjárhagsáætlunar og yfirferðar ársfjórðungsuppgjöra, ásamt tímasetningu opinna funda og samráðsfunda með hagsmunaaðilum, eftir því sem við á.

Samráð

9. gr.

Mannréttindaráð ber ábyrgð á upplýsingamiðlun og samráði við íbúa, félagasamtök og aðra hagsmunaaðila sem tengjast verkefnum ráðsins. Ráðið skal leita umsagna eða annars samráðs þegar við á og efni mála gefur tilefni til. Við undirbúning veigamikillar stefnumörkunar til langs tíma skal leggja fram í ráðinu sérstaka áætlun um hvernig haga á samráði við stefnumótun.

Mannréttindaráði ber að halda a.m.k. einn opin fund á ári.

Fjármál

10. gr.

Mannréttindaráð fær fjárhagsramma vegna verkefna sem undir það heyra og felur mannréttindaskrifstofu að vinna starfsáætlun og tillögur í frumvarp að fjárhagsáætlun í samræmi við stefnumótun og forgangsroðun ráðsins.

Ráðið afgreiðir starfsáætlun og hefur eftirlit með að tillögur í frumvarpi að fjárhagsáætlun séu í samræmi við starfsáætlun og mótaða stefnu.

Tillögur um breytingar á rekstrinum sem leiða til breytinga á gjaldskrá eða þjónustu skal sérstaklega skýra og rökstyðja. Formaður ráðsins og mannréttindastjóri kynna borgarráði starfsáætlun og tillögur í frumvarpi að fjárhagsáætlun.

Málsmeðferð

11. gr.

Við undirbúning mála og stjórnvaldsákvarðanir skal þess gætt að farið sé að stjórnvæslulögum og verklagsreglum um stjórnvæsluna. Óski aðili máls frekari rökstuðnings eða beri hann fram kvörtun vegna afgreiðslu ráðsins skal honum leiðbeint um réttarstöðu sína, m.a. um heimild til að óska endurupptöku stjórnvaldsákvörðunar í borgarráði með hliðsjón af skilyrðum 24. gr. stjórnvæslulaga nr. 37/1993. Telji borgarráð að skilyrði endurupptöku séu fyrir hendi skal ráðið taka málið upp að nýju.

Um hæfi kjörinna fulltrúa og starfsmanna vísast í samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 1020/2019 með síðari breytingum.

Samþykkt þessi tekur þegar gildi og falla þá jafnframt úr gildi samþykkt mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs frá 20. september 2022, aðgengis- og samráðsnefndar í málefnum fatlaðs fólks frá 4. desember 2019, öldungaráðs frá 15. ágúst 2024 og fjölmeningaráðs frá 6. nóvember 2018.

*Samþykkt í borgarstjórn
18. mars 2025*



Forsætisnefnd

Reykjavík, 12. mars 2025
MSS23010279

Kynningarfundur fyrir nýtt mannréttindaráð og áheyrnarfulltrúa

Á fundi forsætisnefndar þann 28. febrúar 2025, var samþykkt að beina þeim tilmælum til mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu að halda kynningarfund fyrir nýtt mannréttindaráð og áheyrnarfulltrúa.

Kynningarfundur var haldinn þriðjudaginn 11. mars sl. í Ráðhúsi Reykjavíkur og fengu eftirfarandi aðilar boð á þann fund; kjörnir fulltrúar mannréttindaráðs, áheyrnarfulltrúar ofbeldisvarnarmála og fulltrúar hagsmunasamtaka um málefni eldri borgara (öldungaráðs) og fulltrúar samráðshóps í málefnum fatlaðs fólks (aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks), og áheyrnarfulltrúum um málefni innflytjenda og fólks með erlendan bakgrunn (fjölmeningarráð).

Fyrirkomulag kynningarfundar fór fram með þeim hætti að kynnt var skipan fulltrúa og áætlað fyrirkomulag funda mannréttindaráðs m.t.t. fulltrúa hagsmunafélaga og áheyrnarfulltrúa. En jafnframt átti sér stað umræða um starfið framundan.

Það tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,
Elísabet Pétursdóttir
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa
Miðlæg stjórnarsýsla

Hjálagt:

Boð dags. 7. mars 2025, kynningarfundur fyrir fulltrúa og áheyrnarfulltrúa mannréttindaráðs



Reykjavík

Góðan dag,

Boðað er til kynningarfundar fyrir fulltrúa mannréttindaráðs og áheyrnarfulltrúa. **Fundurinn verður haldinn þriðjudaginn 11. mars 2025, frá kl. 13.00 – 16.00, í Ráðhúsi, Borgarráði 2. hæð.**

Á fundi borgarstjórnar þann 21. febrúar 2025, var samþykkt tillaga Samfylkingar, Pírata, Sócialistaflokks Íslands, Flokks fólksins og Vinstri grænna, að breyttu hlutverki mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs. Að sameina málaflökka sem heyrðu undir öldungaráð, samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks og fjölmeningarráð, í nýju mannréttindaráði sem tekur við hlutverki mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs.

Á fundi forsætisnefndar þann 28. febrúar sl., var jafnframt samþykkt að fela mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu að boða til kynningarfundar fyrir nýtt mannréttindaráð og áheyrnarfulltrúa.

Á kynningarfundinn eru boðaðir kjörnir fulltrúar mannréttindaráðs, fulltrúar hagsmunasamtaka um málefni eldri borgara (öldungaráðs) og fulltrúar samráðshóps í málefnum fatlaðs fólks (aðgengis- og samráðsnefndar í málefnum fatlaðs fólks), ásamt áheyrnarfulltrúum ofbeldisvarnarmála og áheyrnarfulltrúum um málefni innflytjenda og fólks með erlendan bakgrunn (fjölmeningarráð).

Vinsamlegast látið vita ef þið hafið ekki tók á að koma á fundinn.

Fyrirkomulag kynningarfundar:

Fulltrúar um málefni eldri borgara Kl. 13.15-14.00

Félag eldri borgara í Reykjavík og nágrenni (1), Samtök aldraðra (1), U3A (1), Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins (1).

Gert er ráð fyrir að fulltrúar um málefni eldri borgara séu boðaðir að jafnaði mánaðarlega á fund með mannréttindaráði.

Fulltrúar samráðshóps í málefnum fatlaðs fólks Kl. 14.00-14.45

ÖBÍ (3), Proskahjálp (2), NPA miðstöðin (1).

Gert er ráð fyrir að fulltrúar samráðshóps í málefnum fatlaðs fólks séu boðaðir að jafnaði tvisvar sinnum í mánuði á fund með mannréttindaráði.

Áheyrnarfulltrúar um málefni innflytjenda og fólks með erlendan bakgrunn Kl. 14.45-15.15

Samtök kvenna af erlendum uppruna W.O.M.E.N. (1) og Móðurmál samtök um tvítýngi (1), Sameyki (1).

Gert er ráð fyrir að áheyrnarfulltrúar séu að jafnaði boðaðir á tvo fundi á ári með mannréttindaráði og að auki séu tveir fundir haldnir með fjölmenningsamfélaginu árlega.

Áheyrnarfulltrúar ofbeldisvarnarmála Kl. 15.15-15.45

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu (1), Stígamót (1), Samtök um Kvænnaathvarf (1) og Embætti Landlæknis (1).

Gert er ráð fyrir að áheyrnarfulltrúar ofbeldisvarnarmála séu boðaðir að jafnaði á fundi mánaðarlega með mannréttindaráði.

Bestu kveðjur/ Best regards,

Elísabet Pétursdóttir (hún-hennar/she-her)
verkefnastjóri/project manager

Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa Reykjavíkurborgar/City of Reykjavík Human Rights and Democracy Office
Ráðhús Reykjavíkur/City Hall
101 Reykjavík, Iceland

MINNISBLAÐ**Álit borgarlögmans um nýtt mannréttindaráð**

Á fundi borgarstjórnar hinn 21. febrúar 2024 var svohljóðandi tillaga samþykkt:
„Lagt er til að borgarstjórn samþykki að sameina málaflokka sem nú heyra undir fjölmeningarráð, öldungaráð og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks í nýju mannréttindaráði sem tekur við hlutverki mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs. Forsætisnefnd er falið að vinna nýja samþykkt fyrir ráðið í samráði við mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu sem skal lögð fram til samþykktar á fyrsta fundi borgarstjórnar í mars og kemur í stað gildandi samþykta.“

Með tölvuskeyti skrifstofustjóra skrifstofu borgarstjórnar, dags. 4. mars 2025, er fyrir hönd forsætisnefndar óskað eftir umsögn borgarlögmans á drögum samþykktar fyrir nýtt mannréttindaráð. Nánar tiltekið óskar forsætisnefnd eftir því að borgarlögmaður veiti álit á því hvort heimilt sé að sameina málaflokka og verkefni fyrrnefndra ráða og nefndanna undir eitt og sama ráðið, þ.e. á vettvangi fagráðs sem jafnfram fer með málefni mannréttinda og ofbeldisvarna.

Í fyrrgreindu tölvuskeyti er vísað til bókunar og gagnbókunar fulltrúa Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins á fundi forsætisnefndar 28. febrúar 2025 undir dagskrárlíðnum drög að nýrri samþykkt fyrir mannréttindaráð. Í umræddum bókunum er meðal annars vikið að því að tvær fyrrgreindra nefnda séu lögbundnar. Er þá átt við öldungaráð, sem starfar á grundvelli 2. mgr. 38. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga, og 1. mgr. 7. gr. laga nr. 125/1999 um málefni aldraða, og aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks sem starfar samkvæmt 1. mgr. 8. gr. og 2. mgr. 42. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Hér á eftir fylgir umbeðið álit borgarlögmans:

Samkvæmt 3. mgr. 37. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 er sveitarstjórn heimilt að sameina nefndir þannig að ein nefnd fari með verkefni á fleiri en einu sviði þó að svo sé kveðið á í lögum að kjósa skuli sérstaka nefnd til að fara með tiltekin verkefni. Samskonar ákvæði hefur verið í sveitarstjórnarlögum allt frá því að sveitarstjórnarlög nr. 8/1986 tóku gildi, sbr. 1. mgr. 58. gr. þeirra laga. Í athugasemd við ákvæði 58. gr. í greinargerð með frumvarpi því er varð að eldri sveitarstjórnarlögum nr. 8/1986, kemur fram að með ákvæðinu sé sveitarstjórn heimilt að sameina nefndir en að þá hafi að mati sveitarstjórnarmanna fjöldi lögbundinna nefnda verið í mörgum tilvikum of mikill.

Í 1. gr. draga að samþykkt nýs mannréttindaráðs er skýrlega tekið fram að nefndin fari með hlutverk öldungaráðs og samráðshóps um málefni fatlaðs fólks í skilningi áður greindra laga. Með vísan til þessa ákvæðis og einnig 3. mgr. 37. gr. sveitarstjórnarlaga verður að telja að Reykjavíkurborg sé heimilt að leggja niður og sameina fjölmeningarráð, öldungaráð og aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks í nýtt mannréttindaráð jafnvel þó að samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga og lögum um málefni aldraðra eigi að skipa sérstakar nefndir sem fari með hluta málaflokka er nýju mannréttindaráði er framvegis ætlað að fara með hjá Reykjavíkurborg.



Ebba Schram



Dagsetning **12. mars 2025**
Málsnúmer IRN24110043

Innviðaráðuneytinu barst þann 12. nóvember sl. erindi Lagahvols slf., fyrir hönd Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni (FEB) (hér eftir vísað til sem málshefjandi), þar sem kvartað er yfir ákvörðun Reykjavíkurborgar (hér eftir vísað til sem sveitarfélagið) um breytingu á samsetningu öldungaráðs sveitarfélagsins, frá 15. ágúst 2024. Nánar tiltekið telur málshefjandi að ákvörðun sveitarfélagsins hafi verið í andstöðu við 2. mgr. 38. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og 7. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999, þegar samþykkt var að breyta samþykkt öldungaráðs sveitarfélagsins á þann hátt að í stað þess að málshefjandi tilnefndi þrjá fulltrúa til setu í öldungaráði, skyldi málshefjandi tilnefna einn fulltrúa og aðrir tveir skyldu skipaðir af öðrum aðilum.

Eftirlitshlutverk innviðaráðuneytisins með stjórnarsýslu sveitarfélaga

Eftirlitshlutverki innviðaráðuneytisins með sveitarfélögum er lýst í XI. kafla sveitarstjórnarlaga. Þar kemur meðal annars fram í 1. mgr. 109. gr. að ráðuneytið hefur eftirlit með stjórnarsýslu sveitarfélaga og því að sveitarfélög gegni skyldum sínum samkvæmt sveitarstjórnarlögum og öðrum löglegum fyrirmælum. Ráðuneytið hefur þó ekki eftirlit með stjórnarsýslu sveitarfélaga sem öðrum stjórnvöldum á vegum ríkisins hefur með beinum hætti verið falið eftirlit með, sbr. 2. mgr. 109. gr. sveitarstjórnarlaga. Eftirlit ráðuneytisins fer meðal annars fram með þeim hætti að ráðuneytið ákveður sjálft hvort tilefni er til að taka stjórnarsýslu sveitarfélags til formlegrar umfjöllunar á grundvelli 112. gr. sveitarstjórnarlaga. Taki ráðuneytið stjórnarsýslu sveitarfélags til formlegrar umfjöllunar getur ráðuneytið meðal annars gefið út álit eða leiðbeiningar um lögmæti athafna eða athafnaleysis sveitarfélags á grundvelli 1. eða 2. tl. 2. mgr. 112. gr. sveitarstjórnarlaga. Við mat á því hvort tilefni sé til að taka stjórnarsýslu sveitarfélags til formlegrar umfjöllunar lítur ráðuneytið til tiltekinna sjónarmiða sem fram koma í verklagsreglum sem birtar eru á vefsíðu ráðuneytisins, www.im.is. Meðal þessara sjónarmiða eru hvort vísbendingar séu um að stjórnarsýsla sveitarfélags samrýmist ekki lögum, hversu miklir þeir hagsmunir eru sem málið varðar, hversu langt er liðið frá því atvik máls áttu sé stað, hvort sá sem ber fram kvörtun er kjörinn fulltrúi í sveitarstjórn og hversu mikil réttaróvissa ríkir á því sviði sem málið varðar, það er hvort þörf er á leiðbeiningum ráðuneytisins.

Nánar um atvik máls

Á fundi öldungaráðs sveitarfélagsins þann 17. apríl 2024 var lagt fram bréf mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu sveitarfélagsins til félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins (hér eftir vísað til sem FRN), vegna túlkunar á 38. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og 7. gr. laga um málefni aldraðra, ásamt svari ráðuneytisins. Í bréfi sveitarfélagsins kemur fram að í 38. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og 7. gr. laga um málefni aldraðra sé gert ráð fyrir að í öldungaráði sitji þrjú fulltrúar tilnefndir af félagi eldri borgara. Þar sem lögin geri ekki frekari grein fyrir því hvort að félög eldri borgara þurfi að uppfylla ákveðin skilyrði til að gera tilnefnt fulltrúa í ráðið eða hvernig skuli bregðast við ef fleiri en eitt félag sem gæti hagsmuna eldra fólks sé starfandi í sveitarfélaginu, óskaði sveitarfélagið eftir túlkun FRN á fyrrnefndum lagaákvæðum. Í svari FRN kemur fram að

lögini skilgreini ekki hvaða fulltrúar skuli eiga sæti í ráðinu, heldur einungis að það skuli vera að lágmarki þrjár fulltrúar félaga sem gæti hagsmuna eldra fólks í sveitarfélaginu.

Á fundi borgarráðs sveitarfélagsins þann 15. ágúst sl. var lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, þar sem óskað var eftir að borgarráð samþykkti tillögu um breytingar á samþykkt öldungaráðs, sem kynntar hafi verið á fundi öldungaráðs þann 20. júní sl. Í bréfinu kemur fram að breytingarnar séu taldar nauðsynlegar til að tryggja aðkomu fleiri félagasamtaka sem annast hagsmunagæslu fyrir eldra fólk við borð öldungaráðs og því lagt til að samþykkt ráðsins yrði breytt á þann hátt að Samtök aldraðra og U3A, Háskóli þriðja æviskeiðsins, skyldu skipa tvo fulltrúa til setu í ráðinu og málshenjandi þann þriðja. Á grundvelli heimildar í 5. mgr. 35. gr. sveitarstjórnarlaga, samþykkti meirihluti borgarráðs breytingu á samþykkt öldungaráðs og lagði fram eftirfarandi bókun:

„Öldungaráð er formlegur vettvangur samráðs og hagsmunagæslu fyrir eldra fólk í borginni samkvæmt 7. gr. laga um málefni aldraðra og 38. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Í lögnum kemur fram að öldungaráð skuli skipað að lágmarki þremur fulltrúum tilnefndum af félagi eldri borgara, án þess að kveða á um hvernig skuli bregðast við ef fleiri en eitt félag er gætir hagsmuna eldra fólks starfar í sveitarfélaginu. Samkvæmt álitum félags- og vinnumarkaðsráðuneytis skilgreina lögini ekki sérstaklega hvaða félag skuli eiga sæti í ráðinu, einungis að það skuli vera að lágmarki þrjár fulltrúar frá félögum eldri borgara í sveitarfélaginu. Reykjavíkurborg vill tryggja aðkomu fjölbreytts hóps eldra fólks og gæta jafnræðis á milli hagaðila og er því talið brýnt að raddir sem flestra félaga eldra fólks í borginni heyrast á vettvangi ráðsins. Því er talið mikilvægt að að þrjú félög taki sæti í ráðinu í stað eins félags, ný samþykkt öldungaráðs tryggir fjölbreytta aðkomu hagaðila og meira jafnræði.“

Að mati málshenjanda hafi sveitarfélagið ekki farið að lögum þegar tekin var ákvörðun um að breyta samsetningu öldungaráðs og fer málshenjandi fram á að ráðuneytið taki lögum ákvörðunartekin til skoðunar. Nánar tiltekið telur málshenjandi ákvörðun sveitarfélagsins í andstöðu við ákvæði 7. gr. laga um málefni aldraðra og 2. mgr. 38. gr. um félagsþjónustu sveitarfélaga. Að mati málshenjanda sé skýrt að áðurnefnd ákvæði vísi til félags eldri borgara í eintölu, þ.e. aðildarfélaga Landssambands eldri borgara (LEB), sem málshenjandi sé aðili að, og ekki til annarra félagasamtaka.

Þá sé orðalagið jafn skýrt og raun ber vitni m.a. vegna áratuga stjórnsýsluframkvæmdar, þar sem tilnefning á fulltrúa eða fulltrúum í þjónustuhóp aldraðra eða öldungaráð sveitarfélagsins hefur frá öndverðu komið frá málshenjanda. Vilji löggjafans sé jafnframt skýr með tilvísun til félags eldri borgara í fyrrnefndum lagaákvæðum, sem sé lögverndað firmaheiti málshenjanda, sem hafi löngu verið búið að festa sig í sessi áður en lögini voru sett. Hafi sveitarfélagið því ekki gætt að lögum ákvæðisreglunnar við töku ákvörðunar um að breyta skipan öldungaráðs sveitarfélagsins.

Þá uppfylli jafnframt hin samtökin, Samtök aldraðra og U3A, ekki efnis- eða hæfisskilyrði laga um félagsþjónustu sveitarfélaga eða laga um málefni aldraðra og geti því ekki öðlast rétt til að tilnefna fulltrúa í öldungaráð. Hafi þau samtök ekki skilgreinda starfsemi sem uppfylli tilgang og markmið laganna og sé hvorki verkefni né tilgangur þeirra, sem fram komi í samþykktum þeirra, að sinna þeim verkefnum sem öldungaráði eru falin með lögum, sbr. 8. gr. laga um málefni aldraðra.

Telur málshenjandi því að að stjórnvaldsákvörðunin sé haldin svo fjölmörgum formgöllum svo ógildingu varði. Nánar tiltekið hafi sveitarfélagið ekki gætt að rannsóknarskyldu sinni skv. 10. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, meðalhófsreglu 12. gr. sömu laga, lögum ákvæðisreglunnar eða gætt sjónarmiða um réttmætar væntingar. Þá hafi andmælaréttar málshenjanda ekki verið gætt þar sem hann hafi ekki fengið tækifæri til að tjá sig um efni málsins eða fyrirhugaða ákvörðun meðan á

undirbúningi hennar stóð. Þá sé almennt viðurkennt að þegar stjórnvöld taki afstöðu til þess hvaða breytingar sé unnt að gera á efni stjórnsýsluframkvæmdar, verði þau m.a. að líta til réttmætra væntinga málsaðila og taka tilhlýðilegt tillit til þeirra. Fer málshefjandi því þess á leit við ráðuneytið að það taki málið til skoðunar og mælist til þess við sveitarfélagið að ákvörðun þess frá 15. ágúst sl. verði felld úr gildi.

Álit ráðuneytisins

Hugtakið stjórnvaldsákvörðun hefur verið skilgreint á þann veg að um stjórnvaldsákvörðun sé að ræða þegar stjórnvald kveður einhliða á um rétt og/eða skyldu tiltekins aðila í ákveðnu máli í skjóli stjórnsýsluvalds. Að mati ráðuneytisins fellur ákvörðun borgarráðs frá 14. ágúst sl., um að samþykka breytingu á samþykkt fyrir öldungaráð sveitarfélagsins, ekki undir ofangreinda hugtaksskilgreiningu, enda hafa ákvarðanir um innri málefni stjórnsýslunnar ekki verið taldar til stjórnvaldsákvæðana í skilningi 2. mgr. 1. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Verður því ekki talið að sveitarfélaginu hafi borið að gæta ákvæða laga nr. 37/1993, m.a. andmælaréttar, við töku ákvörðunarinnar.

Í 2. mgr. 38. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og 6. og 7. gr. laga um málefni aldraðra, er kveðið á um að í hverju sveitarfélagi skuli starfa formlegur samráðsveitvangur er nefnist öldungaráð, þar sem fjallað er um þjónustu við aldraða og framkvæmd og þróun öldrunarmála. Í öldungaráði skulu að lágmarki sitja þrjú fulltrúar kosnir af sveitarstjórn og þrjú fulltrúar tilnefndir af félagi eldri borgara, auk eins fulltrúa frá heilsugæslunni. Í ljósi þess að framkvæmd laga nr. 40/1991 og laga nr. 125/1999 heyrir undir FRN, óskaði innviðaráðuneytið eftir umsögn þess um erindi málshefjanda.

Í umsögn FRN kemur fram að af 2. mgr. 38. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og 6. gr. laga um málefni aldraðra, verði ekki dregin önnur ályktun en sú að fleiri en ein félagasamtök eldri borgara kunni að vera starfandi í sveitarfélagi með það að markmiði að gæta hagsmuna félagsmanna. Jafnframt verði að telja að orðalagið „að lágmarki“ í ákvæðunum vísi bæði til þess fjölda fulltrúa sem sveitarstjórn skuli kjósa til setu í öldungaráði og þess fjölda fulltrúa sem félag eða félag eldri borgara skuli tilnefna til setu í ráðinu.

Af framangreindu leiði að þar sem svo hátti til, að starfandi séu fleiri en ein félagasamtök eldri borgara hvíli sú lagakrafa á sveitarfélaginu að velja að lágmarki þrjú fulltrúa sem tilnefndir eru af hálfu samtakanna til setu í öldungaráði. Að mati FRN falli það innan sjálfstjórnarréttar hlutaðeigandi sveitarfélags, að ákveða hvort fjöldi fulltrúa sé í samræmi við lágmarkskröfuna eða hvort fulltrúum sé fjölgað umfram hana. Með sama hætti hafi hlutaðeigandi sveitarfélag það í hendi sé hvernig valið sé á milli fulltrúa sem einstök félagasamtök tilnefna, enda séu tilnefningarnar fleiri en þau sæti sem ákveðið hefur verið að ráðstafa.

Framangreind túlkun byggir á orðskýringum út frá eðli máls, þar sem ekki komi skýrlega fram í lögskýringargögnum hver ætlum löggjafans hafi verið á sínum tíma varðandi skipan öldungaráða við þær kringumstæður þegar fleiri en ein hagsmunasamtök eldri borgara séu starfandi innan sama sveitarfélags. Telur FRN að erindið gefi til kynna að ástæða sé til að endurskoða umrædd lagaákvæði til að gera þau skýrari, og mun FRN taka afstöðu til þess næst þegar áform verða kynnt um breytingar á umræddum lögum.

Af ofangreindri umsögn FRN um erindið telur ráðuneytið ljóst að ákvörðun borgarráðs 15. ágúst sl., um að samþykka tillögu um breytingar á samþykkt öldungaráðs sveitarfélagsins, hafi ekki verið í andstöðu við 2. mgr. 38. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og 6. gr. laga nr. um málefni aldraðra. Fjöldi fulltrúa sem tilnefndur sé í öldungaráð sveitarfélagsins sé enn í samræmi við

lágmarkskröfu fyrrnefndra laga og standa þau jafnframt ekki í vegi fyrir því að aðrir en málshefjandi tilnefni þá fulltrúa. Telur ráðuneytið því ekki tilefni til að taka stjórnslu sveitarfélagsins til formlegrar umfjöllunar grundvelli 112. gr. sveitarstjórnarlaga. Er málinu því lokið af hálfu ráðuneytisins.

F.h. ráðherra

Sigurborg Kristín Stefánsdóttir

Ólöf Sunna Jónsdóttir